

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 7. janúar 2019
UST201812-039/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matsskyldufyrirspurn – Laxamýri. Viðbrögð við svörum rekstraraðila. Viðbótarumsögn.

Vísað er til umsagnar Umhverfisstofnunar dags. 9. janúar 2018 um matsskyldufyrirspurn framleiðsluaukningar N-lax ehf. að Laxamýri, Norðurþingi. Niðurstaða stofnunarinnar var að umrædd framleiðsluaukning ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum vegna eðlis eldis (magn losunar), staðsetningar og viðkvæmni viðtaka. Rekstraraðili sendi svör dags. 5. desember 2018 við athugasemdum sem fram komu í framangreindri umsögn og þann 6. desember 2018 óskaði Skipulagsstofnun viðbótarumsagnar Umhverfisstofnunar m.t.t. þeirra nýju upplýsinga sem lagðar hafa verið fram. N-lax ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Ráðgert er að auka framleiðslu eldisfisks, bleikju (*Salvelinus alpinus*) og regnboga-silungi (*Oncorhynchus mykiss*) í eldiskerjum, úr 20 tonnum árlega í 50 tonn árlega.

Svör rekstraraðila

Framleiðslumagn

Í greinargerð kemur fram að umsagnaraðilar telja megináhættu mengunar frá eldinu vera í formi slysasleppinga og lífrænnar mengunar (losun næringarefna í formi fóðurleifa og úrgangs frá fiskinum). Fram kemur í svari rekstraraðila að hann hyggist bregðast við athugasemdum með því að minnka áform sín úr 60 tonna eldi í 50 tonna eldi. Líklegt þykir að framleiðsla stöðvarinnar verði í kringum 30-40 tonn/ári næstu ár skv. greinargerð.

Frárennsli

Frárennsli eldisins rennur í Laxá í Aðaldal rétt ofan Æðarfossa. Skipta má svæði viðtaka í þrennt; Mýrrvatn, Æðarfossar og ósasvæði. Líkt og áður hefur komið fram nýtur Laxá sérstakrar verndar skv. lögum nr 97/2004 og rg. um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 665/2012 og nær verndarsvæði 200 metra frá árbakkanum.

Fram kemur í greinargerð að rekstraraðili hyggst hreinsa afrennsli frá stöðinni með tromlusíu en þaðan rennur frárennslið í settjarnir. Stefnt er á að útbúa aðra settjörn ofan við núverandi settjörn. Þeim úrgangi yrði regluglega dælt upp með haugsugu og hann notaður til landgræðslu og/eða borinn á tún. Gert er ráð fyrir að tromlusía muni hreinsa um 60% af lífrænum úrgangi sem kemur frá stöðinni skv. greinargerð. Með þessari viðbótarhreinsun frárennslis er gert ráð fyrir að mengun næringarefna frá stöðinni standi í stað miðað við núverandi álag. Í fyrri greinargerð kom fram að úrgangslausun í Laxá vegna framleiðsluaukningar (þá í 60 tonn/ári) væri 12 tonn/ári með mótvægisaðgerðum. Með viðbót tromlusíu ætti heildarlosun lífræns úrgang frá 50 tonna eldi hins vegar að vera 6 tonn/ári sem jafngildir óbreyttri losun eldisins fyrir stækkun.

Umhverfisstofnun telur áform um að nýta tromlusíu og viðbótar settjörn til að hreinsa frárennsli frá stöðinni áður en því er hleypt í viðtakann jákvæð. Er það stöðinni til bóta að engin aukning á lífrænni losun verður í Laxá við framkvæmdina frá því sem var þegar framleiðslan miðaðist við 20 tonn.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. greinargerð rekstraraðila er losun næringarefna við 50 tonna framleiðslu; 3,03 tonnN/ári, sem gera 60,6 kgN/tonn og fyrir fosfór er losunin 10,4 kgP/tonn (uppleyst og óuppleyst). Að jafnaði eru mörk á losun næringarefna í ferskvatn 7 kgP/tonn og 60 kgN/tonn í starfsleyfum Umhverfisstofnunar en skv. ofangeindum útreikningum er áformuð losun yfir þeim mörkum og þar með fremur mikil að mati stofnunarinnar. Getur þetta skýrst af því að um er að ræða lítið eldi þar sem stýring fóðurnýtingar er ekki eins góð og í stærri eldiseiningum. Stofnunin minnir á að starfsleyfi framkvæmdarinnar verður gefið út á þeim forsendum að losun í viðtaka aukist ekki við framleiðsluaukningu með aukinni hreinsun frárennslis.

Umhverfisstofnun hefur lagt mikla áherslu á að dregið sé úr losun næringarefna í Mývatn en frárennsli frá umræddu eldi er ekki í Mývatn sjálft heldur í Laxá, ofarlega við ósinn, og er því er ekki um að ræða losun í eins viðkvæman viðtaka. Því eiga ekki sömu sjónarmið við umræddar framkvæmdir og framkvæmdir sem losa í Mývatn að mati stofnunarinnar.

Slyasleppingar og vöktunaráætlun

Fram kemur í greinargerð að tromlusíur minnki einnig stórlega hættuna á slyasleppingum fiska frá stöðinni en þar að auki eru ristar í kerjum og 5 mm stálsigti neðan settjarna. Að mati Umhverfisstofnunar eru tromlusíur til þess fallnar að ólíklegt er að seiði sleppi með frárennsli auk þess sem líkur á því að ung seiði lifi af súrefnissnauðar settjarnir eru litlar. Eru því slyasleppingar seiða ólíklegar að mati stofnunarinnar. Auk þess má nefna að regnbogasilunga seiði stöðvarinnar eru skv. greinargerð eldinu er annað hvort þrilitna eða hreinn hrygnustofn og því litlar líkur á að eldisregnbogi nái að fjölga sér.

Ásamt greinargerð skilaði rekstraraðili einnig vöktunaráætlun fyrir eldisstöðina sem var samþykkt 14. október sl. og gildir til ársins 2023. Í vöktunaráætlun er staðháttum lýst og fram kemur hversu auðugt lífríki er á svæði sem kann að verða fyrir áhrifum frárennslisins, m.a. straumendur við Æðarfossa og neðan fossana er þéttleiki laxaseiða mestur af öllum mælistöðvum í Laxá (Hafrannsóknarstofnun framkvæmir rafveiðar á svæðinu).

Í vöktunaráætlun kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að aukin notkun á vatni fylgi framleiðsluaukningu stöðvarinnar heldur auknu súrefni og hringdælingu vatns. Gert er ráð fyrir árlegum mælingum á milli janúar og apríl á fimm sýnatökustöðum 2018 og 2019 og ef þörf er á eru tekin sýni af öllum stöðum til ársins 2021, annars aðeins árlega af svæðum 1-3. Næringarefni mæld eru köfnunarefni (N_{total}), fosfór (P_{total}), COD (chemical oxygen demand) og svifagnir. Sendar verða árlega vöktunarskýrslur skriflega til eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun tekur fram að í starfsleyfisgerð verður tekið á efnalosun frá eldinu í ákvæðum vöktun. Gerðar verða kröfur um reglulegar mælingar og/eða mat á eftirfarandi; hitastigsbreytingu við útrás, súrefnismettun, breyting á sýrustigi, ammóníakslosun, súrefnisnotkun BOD5, HOCL, olía og fitubræk, aukningu svifagna vegna frárennslis.

Umhverfisstofnun telur m.t.t. verndargildis viðtaka að vakta ætti Laxá með sýnatöku á öllum fimm sýnatökustöðum a.m.k. fram til ársins 2020. Stofnunin tekur fram að vöktunaráætlun verður tekin til yfirferðar við starfsleyfisgerð og yfirfarin reglulega. Ef losun frá starfseminni og ástand viðtaka mælist yfir þeim mörkum sem talin eru ásættanleg skal starfsleyfið endurskoðað.

Annað

Umhverfisstofnun bendir á að ef starfsemin krefst þess að flytja þurfi inn regnbogasilung (egg eða seiði) eða aðrar lífverur sem geta talist framandi skv. skilgreiningu náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er slíkur innflutningur háður leyfi Umhverfisstofnunar skv. 63. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin bendir einnig á að leyfi til eldisins (starfsleyfi) og leyfi fyrir innflutningi eru tvö aðskilin leyfi. Stofnunin minnir á að framleiðsluaukning eldisins krefst nýs starfsleyfis frá Umhverfisstofnun og að málsmeðferð starfsleyfa er að jafnaði 240 dagar.


Niðurstaða

Með vísan í framangreint telur Umhverfisstofnun að uppfærðar áætlunir um hreinsun frárennslis frá stöðinni áður en því er hleypt í viðtakann Laxá séu til þess að áhrif á viðtaka verða ekki umfram það álag sem er við núverandi eldi. Með tilliti til áforma um bætta mengunarvarnir (hreinsun frárennslis) frá fyrri áætlunum og með vöktun viðtakans telur stofnunin að framleiðsluaukningin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur



Steinar R. Beck Baldursson
Sérfræðingur

